

GoTalk Now

Að búa til senur





1.

Veldu Page Editor á
upphafssíðunni til þess að
byrja að búa til nýtt efni.


Veldu Player til þess að byrja
að nota töflur eða senur.



2.a.


Að búa til nýja senu:

Snertu takkann með bunka af
blöðum neðst til hægri.



2.b.


Snertu plúsinn efst í
rammanum.






2.c.

Veldu „Add Blank Scene Page“.



2.d.


Snertu litla hringinn neðst til hægri til þess að velja mynd fyrir senuna.



2.e.

Veldu „From Photo Library“ til þess að velja mynd úr myndasafni spjaldtölvunnar.


Ath. það er líka hægt að velja táknmynd úr safni forritsins, leita að mynd á Netinu eða taka mynd á staðnum.





2.f.

Veldu myndina í myndasafninu sem þú vilt nota í senunni.



2.g.

Snertu plúsinn neðst til vinstri til þess að búa til heitan reit í senunni.



2.h.


Dragðu heita reitinn á réttan stað og lagaðu stærð hans með því að draga í hornin.






2.i.

Snertu heita reitinn og veldu „Set Action“.




2.j.

Veldu „Recorded Audio“ efst í glugganum.



2.k.


Taktu upp hljóðið sem á að heyrast þegar komið er við reitinn með því að snerta „Start Recording“.





2.l.

Lokaðu glugganum efst til vinstri þegar upptakan er tilbúin.



2.m.

Snertu plúsinn neðst til vinstri til þess að búa til næsta heita reit.

Endurtaktu ferlið frá 2.h.





3.a.


Að gefa senu nafn

Snertu titillínuna neðst.



3.b.

Skrifaðu nafn á senunni í
titillínunni og snertu síðan
„Done“





4.a.

**Að búa til reit fyrir senu á
forsíðunni**

Snertu hnappinn með bunka
af blöðum neðst til hægri




4.b.

Snertu „Page 1“ til þess að
komast á forsíðuna.



4.c.

Snertu auðan reit á
forsíðunni.






4.d.


Snertu „Button Text“ neðst til þess að skrifa texta í reitinn.

Snertu „Add Image“ til þess að setja mynd í reitinn.




4.e.

Snertu „Action“ efst til þess að tengja senu við reitinn.



4.f.

Snertu „Jump To Page“ efst í glugganum.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu GoTalk Now—Að búa til senur


4.g.

Snertu „Change“ til þess að
velja senu til að tengja við
reitinn.



4.h.

Veldu senu á listanum og
snertu síðan „Done“ neðst til
hægri.



5.

Snertu húsið neðst til vinstri
til þess að komast á
upphafssíðu og byrja að nota
senuna.

